

REGLUGERÐ

um viðurkenningu lýðskóla.

1. gr.

Viðurkenning til að starfa undir heitinu lýðskóli.

Menntamálastofnun annast veitingu viðurkennings til skóla eða stofnana sem sækja um að starfa undir heitinu lýðskóli í samræmi við ákvæði laga um lýðskóla.

Viðurkenning skal veitt skriflega. Um málsmeðferð við veitingu og afturköllun viðurkenninga samkvæmt reglugerð þessari gilda stjórnsýslulög.

2. gr.

Umsókn um viðurkenningu.

Sótt er um viðurkenningu til Menntamálastofnunar og skulu eftirfarandi gögn og upplýsingar fylgja umsókninni:

1. Staðfesting á rekstrarformi, upplýsingar um eigendur ásamt staðfestu endurritti ársreiknings síðastliðins rekstrarárs sem staðfestir að skólinn sé ekki rekinn með fjárhagslegan ágóða að markmiði.
2. Staðfesting á því hvernig fjárhagslegri ábyrgð er háttáð og hvernig fjárhagslegt rekstrar-öryggi starfseminnar er tryggt. Hægt er að krefjast bankatryggingar sem samsvarar rekstrar- fjárhæð skólans fyrir eina önn.
3. Vottorð frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála, lýsing á aðgengi fatlaðra og lýsing á aðstöðu, s.s. heimavist, öðru húsnæði skólans og búnaði.
4. Upplýsingar um stjórn, starfshætti og skipurit.
5. Gögn sem sýna hvernig skólastjóri uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til menntunar og reynslu hans samkvæmt lögum um lýðskóla.
6. Þarfagreining á mikilvægi og mögulegri eftirspurn eftir námi skólans og lýsing á því hvernig ákvæðum um inntak náms samkvæmt lögum um lýðskóla er fullnægt.
7. Skólanámskrá sem tekur til allra þátta skólastarfsins.
8. Lýsing á innra matskerfi skólans.
9. Lýsing á skjalastjórnun og nemendabókhaldi ásamt því hvernig umsækjandi mun tryggja nemendum aðgang að upplýsingum um námsferil eftir að námi lýkur.
10. Heildstæð stefna skólans um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi og áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, og jafnframt um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun.
11. Lýsing á ferli þar sem nemendur geta komið sjónarmiðum sínum og ábendingum á framfæri.

Menntamálastofnun er heimilt að óska eftir frekari gögnum sem stofnunin telur nauðsynleg til að meta hvort veita skuli skólum eða stofnunum viðurkenningu.

3. gr.

Upplýsingagjöf.

Lýðskóli skal veita Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar óskað er.

4. gr.

Afturköllun viðurkennningar.

Uppfylli viðurkenndur lýðskóli ekki lengur skilyrði laga um lýðskóla eða reglugerðar þessarar getur Menntamálastofnun afturkallað viðurkenninguna. Áður en til afturköllunar kemur skal stjórn lýðskóla send aðvörun þar sem lýst er þeim aðfinnslum og athugasendum sem gerðar hafa verið við

Nr. 430

20. apríl 2020

starfsemi hans. Heimilt er að veita lýðskóla allt að þrjá mánuði til að bregðast við athugasemdum og leggja fram áætlun um hvernig bætt verði úr ágöllum á starfseminni.

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. laga um lýðskóla, nr. 65/2019, öðlast þegar gildi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 20. apríl 2020.

Lilja D. Alfreðsdóttir.

Páll Magnússon.

B-deild – Útgáfud.: 11. maí 2020